

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Minningarsjóð Guðfinnu og Sigurbjargar frá Hálsi.

#### 1. gr.

##### *Heiti.*

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og heitir Minningarsjóður Guðfinnu og Sigurbjargar frá Hálsi, og starfar skv. lögum nr. 19/1988.

#### 2. gr.

##### *Heimilisfang.*

Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í Stykkishólmi.

#### 3. gr.

##### *Markmið.*

Markmið sjóðsins er að styðja við faglegt starf Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, Stykkishólmi með kaupum á tækjum og búnaði sem nýtist á HVE Stykkishólmi með beinum hætti.

#### 4. gr.

##### *Stofnandi.*

Stofnandi sjóðsins er Hafdís Bjarnadóttir, kt. 260664-7519. Tilgangur stofnunar hans er að halda utan um arf frá þeim systur Guðfinnu og Sigurbjörgu frá Hálsi.

#### 5. gr.

##### *Stofnfé.*

Stofnfé sjóðsins er 12.964.193 kr. Þar af óskerðanlegt stofnfé kr. 1.045.000. Stofnféð er arfur eftir Sigurbjörgu og Guðfinnu Sigurðardætur frá Hálsi. Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum verðmætum er hann kann að eignast síðar.

#### 6. gr.

##### *Frekari framlög.*

Sjóðurinn skal vera opinn fyrir frekari fjárframlögum frá þeim er vilja veita markmiðum hans brautargengi. Stjórnin skal leitast við að verða við fyrirmælum gefanda um ráðstöfun gjafarinnar, enda sé það í samræmi við megintilgang sjóðsins.

#### 7. gr.

##### *Ráðstöfun fjár.*

Framlög úr sjóðnum skulu veitt skv. umsóknum. Stjórn sjóðsins er jafnframt heimilt að ráðstafa fé að eigin frumkvæði til málefna sem teljast falla undir ákvæði í 3. gr. stofnskrár þessarar.

#### 8. gr.

##### *Stjórn.*

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum til 3ja ára í senn; 3 fulltrúum frá Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Stykkishólmi og 2 fulltrúum framkvæmdastjórnar Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Stofnandi tilnefnir fyrstu stjórn, en hana skal skipa einn fulltrúi frá hverri af eftirtöldum deildum HVE Stykkishólmi: sjúkradeild/háls- og bakdeild, heilsugæslu og stoðdeild (endurhæfing/rannsóknarstofa), auk tveggja fulltrúa framkvæmdastjórnar HVE. Láti stjórnarmaður af störfum eða kjósi að vikja úr stjórn skal viðkomandi tilnefna eftirmann í samráði við sitjandi stjórn.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund og skal einfaldur meirihluti ráða og undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkefnum sjóðsins. Hún stýrir jafnframt öllum málefnum sjóðsins og kemur fram fyrir hans hönd. Stjórnin ákveður sjálf hversu miklu fé skal úthluta hverju sinni og

ákvarðast það af stærð og umfangi verkefnisins. Beiðni um styrk skal koma til formanns sem boðar stjórnina til fundar og skulu umfjöllun og útgreiðslur styrkja fara fram við fyrsta tækifæri eftir að umsókn berst sjóðnum.

Halda skal fundargerðabók um það sem fram fer á stjórnarfundum.

9. gr.

*Fundarboðun.*

Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

10. gr.

*Endurskoðun.*

Stjórn sjóðsins skal velja einn eða fleiri löggilda endurskoðendur eða skoðunarmenn til að endurskoða reikninga sjóðsins fyrir hvert starfsár. Þá má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna sjóðsins.

11. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins til næstu áramóta.

12. gr.

*Breyting samþykkt, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn öðrum sjóði eða leggja hann niður þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna sem greinir frá í 3. gr. hér að ofan.

13. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 25. nóvember 2013,*

**Björn Ingi Óskarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Lára Kristín Gísladóttir.*